


Alþingi
Erindi nr. P 131/1728
komudagur 29.4.2005



Umsögn um frumvarp til laga um skipan ferðamála, 735. mál, heildarlög.

Sendandi:

Guðrún Helgadóttir

f.h. Hólaskóla, Háskólans á Hólum

netfang: gudr@holar.is

Vegna frídagsins 21.4. s.l. barst erindi nefndasviðs undirritaðri ekki fyrr en mánudaginn 25.4. s.l. en þann dag var skilafrestur á umsögn. Ritari nefndasviðs ráðlagði þó að senda umsögn og er það von mín að hún komi að notum við afgreiðslu málsins.

Almennt er þetta frumvarp og tilgangur þess til bóta fyrir atvinnugreinina. Það er mjög mikið framfaraskref að stofna Ferðamálastofu sem stjórnsýslustofnun og aðgreina rekstur hennar frá því ráðgjafarhlutverki sem Ferðamálaráð hefur með höndum. Þó eru nokkur atriði í frumvarpinu sem eru álitamál og þyrfti að kveða enn skýrar á um til að framfylgja þessum megin tilgangi og eru tillögur þar um skáletraðar:

4. gr. Þar er Ferðamálastofu falið þrennskonar hlutverk og sú spurning vaknar hvort ekki sé óeðlilegt að sama stofnun hafi á hendi bæði ráðgjafarhlutverk sbr. 2. tölulið, markaðsmál sbr. 3. tölulið og eftirlitshlutverk og leyfisveitingar sbr. 1. tölulið.

Þá er 2. töluliður nokkuð óljós; hvað þýðir t.d. samræming umhverfis- og fræðslumála? Í báðum tilfellum er um að ræða viðfangsefni sem snerti verksvið annarra stofnana og ráðuneyta sem Ferðamálastofa hefur vart umboð til að samræma þó vissulega sé eðlilegt að stofnan hafi frumkvæði að faglegu samráði þessara aðila. Skýrara væri því að stytta þennan tölulið þannig:

“2. Þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu með miðlun upplýsinga, þróunarverkefnum og samstarfi við innlenda og erlenda aðila á sviði ferðamála.”

Varðandi 3. tölulið 4.gr. þá væri rétt að ítreka nauðsyn þess að vinna að markaðsstarfi til lengri tíma og hafa samstarf og/eða samráð við aðra aðila í markaðssetningu landsins s.s. markaðsskrifstofur, sveitarfélög og fyrirtæki. Hlutverk Ferðamálastofu er þá að samræma kraftana í markaðssetningu og mótun ímyndar Íslands sem áfangastaðar. Í stað ákvörðunar ráðherra hverju sinni væri því eðlilegra að stæði *“í samræmi við markaða ferðamálastefnu á hverjum tíma og í samráði við aðra aðila er vinna að markaðssetningu Íslands og íslenskra afurða.”*

6. gr. þarf á sama hátt að fella að mótun og framfylgd ferðamálastefnu, en það er galli á frumvarpinu að ekki kemur skýrt fram hvaða aðila er falin stefnumótun. Af þessari grein má ráða að Ferðamálaráði er ætlað að vera ráðherra til ráðgjafar og því liggur beint við að álykta að stefnumótun sé á verksviði þess. Því væri æskilegt að tengja hlutverk Ferðamálaráðs í tillögugerð um markaðs- og kynningarmál við ferðamálastefnu, mótun hennar og framfylgd. Orðalagið “árlega eða oftar” gefur í skyn að um skammtímaverkefni sé að ræða og væri því æskilegt að fella það burt. Þá væri rétt að færa setninguna um tillögur Ferðamálaráðs til ráðherra um markaðs- og kynningarmál aftan við setninguna um ráðgjöf um áætlanir:

“6. gr. Ferðamálaráð skal vera ráðherra til ráðgjafar um áætlanir í ferðamálum. Ferðamálaráð gerir, á grundvelli markaðrar ferðamálastefnu, tillögu til ráðherra um markaðs- og kynningarmál ferðaðþjónustunnar. Ferðamálaráð skal veita umsagnir um breytingar á lögum og reglum er varða ferðamál og annað sem ráðherra felur því eða ráðið telur ástæða til að taka upp í þágu ferðaðþjónustunnar”.

Þá gætir aðeins misræmis í frumvarpinu milli orðskýringa í 7. gr. þar sem segir að upplýsingamiðstöð hvorki setji saman, bjóði til sölu né auglýsi ferðir eða ferðatengda starfsemi og 12. gr. En í 12. gr. er kveðið á um að upplýsingamiðstöð geti rekið með bókunarþjónustu. Til þess að skýra þetta væri rétt að bæta inni orðskýringuna að *“Upplýsingamiðstöð getur þó að uppfylltum nánari skilyrðum í 11. og 12. gr. rekið bókunarþjónustu”*. Þetta væri mjög til bóta þar sem það er í dag nokkuð á reiki hvað upplýsingamiðstöðvar eiga að ganga langt á þessu sviði.

Virðingarfyllst,

Guðrún Helgadóttir